

Byggingarlýsing

Húsin eru fjögur 180 m² raðhús á einni hæð við Kvistavelli 66-72 í Hafnarfirði. Lóðirnar eru alls 1727,5 m² og er nýtingarhlutfallið er 0,417. Bílastæði er fyrir 2 bifreiðar við hvert hús.

Útveggir eru klæddir með láréttum álskífum á þrjár hliðar en hluti framhliðar er klæddur með lóðréttri harðviðarklæðningu. Útveggir eru einangraðir með 150 mm steinullareinangrun með $\lambda = 0,035$ w/mk. Grind í útveggjum er uppbyggð með 48x198 mm timbri af styrkleikaflokki C24 eða betra. Grindin er sett saman með stálvinklum sem eru negldir með 4x40 mm kamsaum. Á grind eru 12 mm vindþéttiplötur (Hunton Vindtett) sem hleypa raka út og vindstífa húsið að hluta. Viðbótar vindstífung er með stálböndum 2x40 mm eða 2x60 mm. Utan vindþéttiplötur koma lóðréttir loftunarlistar 36x68 mm af styrkleikaflokki C18. Lárétt timburklæðning 25x150 mm er utan loftunarlistum. 0,7 mm láréttar álskífur í brúnleitu lit eru festar utan láréttu klæðninguna með sprotum. Að innan festist 0,2 mm rakavarnarlag á burðargrindina sem er klemmt með klemmilstum og límt saman á samskeytum með þar til gerðu rakavarnarlimbandi. Innan við rakavarnarlag er lagnagrind 36x68 mm lárétt færð frá vegg með 20 mm krossviðarklossum. Spónaplötur 12 mm og 13 mm gifsplötur klæddar inn á lagnagrind á víxl. U-gildi útveggja er lægra en 0,2.

Innveggir eru byggðir upp með 48x98 mm C18 eða C24 timbri c/c 600 mm, 100 mm steinull og tvöfaldrí gifsklæðningu sem er víxllögð. Innveggir í votrymum eru klæddir með 13 mm sementsplötum (aquapanel eða viroc) plötum.

Burðarveggir milli húsa eru eldvarnarveggir EI-90 byggðir upp með tvöfaldrí timburgrind 48x148 mm c/c 600 mm og 150 mm einangrun á milli stoða. Millibil milli veggja er 25-30 mm. Lárétt lagnagrind húsmegin 36x68 mm og 30 mm steinull í lagnagrind. Þar utaná eru klæddar 12 mm sementsplötur (Viroc) á grind og 13 mm gifs í flokki 1 yst. Á úthlið veggja er klætt 9 mm brunagifs.

Veggir á milli íbúðar og bílskúrs eru eldvarnarveggir EI-90 byggðir upp með timburgrind 48x148 mm c/c 600 mm og 150 mm einangrun á milli stoða. 12 mm sementsplötur (Viroc) á grind og 13 mm gifs í flokki 1 þar utan á báðu megin. Gönguhurðir í bílskúr eru EI-CS60.


Gluggar eru úr timbri með tvöföldu K-gleri og állistum að utan í dökkgráum lit RAL 7016. Útihurðir eru úr timbri. U-gildi glugga er lægra en 0,2. Vegið meðaltal U-gildis glugga og útveggja er lægra en 0,85 fyrir öll húsin.

Botnplata er steyp 2 cm neðar en frágengið gólf. Miðað er við að frágengið gólf sé í hæðarkóta eins og hæðarblöð frá Hafnarfjarðarbæ segja til um. Plata í bílskúr er steyp 5 cm lægri en plata í íbúð til að hafa rými fyrir vatnshalla að niðurfalli. Botnplata er einangruð með 100 mm plasteinangrun með rúmþyngd 24 kg/m³. Sökkulveggir eru einangraðir að innan með 75 mm plasti. Sökkull er einnig einangraður að utan með 50 mm einangrunarplasti sem er múrað uppá. U-gildi botnplötu er lægra en 0,3.

Þaksperrur eru 48x223 mm C24 eða sterkara, millibil c/c 600 mm festar við stálbita í mæni og stálbita sem liggur yfir miðju hafi. Stálbitarnir eru undirstuddir með límtréssúlum af styrkleikaflokki GL32 inni gavlvegg, vegg við þvottahús og bílskúrsvegg. Við þakbrún eru sperrur festar ofaná reim í útveggjagrind með vinklum og boltum. Einangrað er milli sperra með 200 mm einangrun. Loft er tekið niður yfir anddyri, baðherbergjum og þvottahúsi hvar útsogi er komið fyrir og leitt út fyrir hús undir þakkanti. Ofan á þaksperrur koma 18 mm vindþéttiplötur (Hunton undertak) sem anda. Ofaná vindþéttiplötur koma loftunarlistar 36x68 mm af styrkleikaflokki C18 sem er lyft frá vindþéttiplötum með 20 mm krossviðarkubbum við allar festingar. Lárétt timburklæðning 25x150 mm er ofaná loftunarlistum. Þakklæðning er læst áklæðning í sama lit og veggklæðning sem festist á timburklæðningu með þar til gerðum festisprotum. Undir þaksperrum er rakavarnarlag 0,2 mm og þar undir 36x68 mm lagnagrind c/c 600 mm. Á lagnagrind er klædd 13 mm gifsklæðning í flokki 1. U-gildi þaks er lægra en 0,2. Raflagnir liggja frá rafmagnstöflu í bílskúr upp bílskúrsvegg og inná loft í lagnagrind og þaðan niður í vegg. Raflagnir fyrir eyju eru settar í botnplötu undir járnagrind. Raflagnir eru úr 16 og 20 mm rörum og borkum. Stokkur smíðaður utanum lagnir í bílskúr úr sementsplötum til að tryggja brunaheldni.

Frárennislagnir eru allar í jörð úr stífu PVC plasti. Minnsti halli á rörum er 20 ‰ og mesti halli er 300 ‰. Neysluvatnslagnir eru 16 og 20 mm plastlagnir lagðar í fódurrörri (rör í rör) hvar kalt vatn er lagt undir einangrun en heitt vatn í botnplötu. Gólfhiti er í öllum gólfum 20x2 mm rör lögð í steypu ofan á járnagrindina. Millibil lagna í íbúðarrými er 150-200 mm nema við útveggi og á sérstökum stöðum þar sem millibilið er minna. Í bílskúr og þvottahúsi er millibil milli gólfhitaröra 3-400 mm. Hitanemar inni í svefherbergjum og stofu sem stjórna hita viðkomandi rýma en gólfhiti stilltur frá lagnagrind í öðrum rýmum.

Snjóbræðsla úr 25 mm snjóbræðslurörum sem leggst ofaná þjappað undirlag. Bil milli snjóbræðsluröra er 250 mm nema annað sé tekið fram. Að Kvistavöllum 66 og 72 (endahúsum) eru lagnir fyrir heitum potti í jörðu. Allt lagnaefni er vottað skv. Íslenskum kröfum. Loftræsing er merkt á aðaluppdrætti. Loftristar eru á hurðum eða með öðrum hætti inn í fataherbergi og geymslu. Fram kemur á aðaluppdráttum hvar björgunarpog og gólfniðurföll verða staðsett.



Afstöðumynd
Mkv 1:500

Samþykkt þann
02. maí 2018
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Upprunalegur höfundur: Batterið ehf.

2	Garðveggir, þakur, inni fyrirkomulag, opnanlegt fag í stofu	02.03.2018	AB	EG
Úg.	Skýring / Breyting.	Daga.	Teknað	Virkað

Snorri ehf
VERKKAUPI / EIGANDI

Raðhús
TEGUND VERKS

Kvistavelli 66-72
GATASTADSETNING

Aðaluppdrættir
Afstöðumynd
Byggingarlýsing

LANDNÚMÉR: 204436
STADGR.: 5390-0860
MHL: -
MKV.: 1:500
BLAÐSTÆRD: A2
ÚTGÁFA DAGS: 24.04.18
TEIKNAD: BB
YFIRFARIÐ: EG

0000 **300 - 02**

VERKNR. MAPPA SVÆÐI ABYRGD SFB.NR. RAÐNR. ÚTGÁFA

Jón Ólafur Ólafsson FAI
kt: 090658-4099

Sigurður Einarsson FAI
kt: 110457-2789

Sigurður Harðarson FAI
kt: 030446-3999

BATTERIÐ | ARKITEKTAR